

Miðvikudaginn 29. janúar 1992.

Nr. 276/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
gegn

Róbert Guðmundssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 14. júní 1991 skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvaldsins til þyngingar refsingu.

Nafn ákærða samkvæmt fæðingarvottorði er Sverrir Róbert Guðmundsson. Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Hagstofu Íslands, þar sem fram kemur, að fyrra nafn ákærða var fellt úr þjóðskrá hinn 1. desember 1982. Er heiti málsins breytt í samræmi við það.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Róbert Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. maí 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 28. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 296/1991: Ákærvaldið gegn Sverri Róbert Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 21. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 7. maí sl., á hend-

ur ákærða, Sverri Róbert Guðmundssyni, Bergþórugötu 41, Reykjavík, kennitala 261168-5459, „fyrir skjalafals með því að hafa fimmtudaginn 7. desember 1989 afhent Bilaskiptum hf. í Reykjavík sem greiðslu fyrir bifreið skuldabréf, sem hann hafði falsað á nafnritun Sigrúnar Ásgeirsdóttur og Steinunnar Magnúsdóttur sem sjálfskuldarábyrgðarmanna, en skuldabréfið var út gefið af ákærða sama dag, að fjárhæð 470.000 kr., bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 2722, sem endurgreiða skyldi með 24 afborgunum á eins mánaðar fresti, fyrst 12. janúar 1990.

Telst þetta varða við 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Ákærði hefur játað skýlaust að hafa fimmtudaginn 7. desember 1989 afhent Bilaskiptum hf. hér í borg sem greiðslu fyrir bifreið skuldabréf, sem hann hafði falsað á nafnritun Sigrúnar Ásgeirsdóttur og Steinunnar Magnúsdóttur sem sjálfskuldarábyrgðarmanna. Var skuldabréfið út gefið af ákærða sama dag og að ofan greinir, að fjárhæð 470.000 kr., bundið lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 2722, og átti að endurgreiða það með 24 afborgunum á mánaðarfresti, í fyrsta sinn 12. janúar 1990. Er ofangreind háttsemi sönnuð með afdráttarlausri játningu ákærða, sem er í samræmi við annað það, sem fram er komið í málinu. Varðar atferli ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsisdómum:

[Í sakavottorði eru tilgreindir sex refsidómar fyrir auðgunarbrot (einn þeirra einnig fyrir skjalafals), upp kveðnir á árabílinu 1987-1990.]

Þá hefur ákærði sætt átta sinnum á sektargreiðslu í dómi fyrir þjófnaðarbrot, umferðarlagabrot og brot gegn fíkniefnalöggjöfinni. Síðast sættist ákærði 29. mars 1990 á 70.000 króna sekt fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni.

Hinn 7. september 1989 var ákærða veitt reynslulausn í tvö ár á eftirstöðvum samtals 240 daga fangelsisrefsinga samkvæmt þremur dómum. Ákærði rauf skilorð reynslulausnarinnar og hóf afplánun eftirstöðvanna 26. apríl 1990. Hinn 23. október s.á. var honum veitt skilorðsbundin reynslulausn á 90 daga eftirstöðvum refsinga samkvæmt þremur dómum. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, kemur ekki til álita að taka upp reynslulausnina frá 23. október 1990, þar eð brot það, sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir í máli þessu, er framið, áður en hún tók gildi.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Verður refsing hans ákveðin með hliðsjón af sakaferli hans svo og 78. gr. almennra hegningarlaga vegna dómsáttarinnar frá 29. mars

1990 og dómsins frá 23. ágúst s.á. Þykir refsing ákærða samkvæmt framan-
sögðu hæfilega ákveðin fangelsi fimm mánuði.

Að lokum verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar
með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundar-
sonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 20.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sverrir Róbert Guðmundsson, sæti fangelsi fimm mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun
skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttar-
lögmanns, 20.000 krónur.
